

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 118/2010**

**frá 10. nóvember 2010**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2009 frá 4. desember 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/251/EB frá 17. mars 2009 þar sem þess er krafist að aðildarríkin sjái til þess að vörur, sem innihalda sæfiefnið dímetýlfúmarat, séu ekki settar á markað eða boðnar fram þar <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/153/ESB frá 11. mars 2010 um lengingu á gildistíma ákvörðunar 2009/251/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin sjái til þess að vörur, sem innihalda sæfiefnið dímetýlfúmarat, séu ekki settar á markað eða boðnar fram þar <sup>(3)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 3m (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/357/EB) í XIX. kafla II. viðauka við samninginn:

- „3n. **32009 D 0251**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/251/EB frá 17. mars 2009 þar sem þess er krafist að aðildarríkin sjái til þess að vörur, sem innihalda sæfiefnið dímetýlfúmarat, séu ekki settar á markað eða boðnar fram þar (Stjtið. ESB L 74, 20.3.2009, bls. 32), eins og henni var breytt með:
- **32010 D 0153**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/153/ESB frá 11. mars 2010 (Stjtið. ESB L 63, 12.3.2010, bls. 21).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 31, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 30.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 74, 20.3.2009, bls. 32.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 63, 12.3.2010, bls. 21.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2009/251/EB og 2010/153/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.